

## REGLUGERÐ

**um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara  
og skilyrði til að hljóta starfsleyfi.**

### I. KAFLI

#### **Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um sjúkranuddara sem hafa starfsleyfi landlæknis skv. 2. gr.

### II. KAFLI

#### **Starfsleyfi.**

2. gr.

*Starfsheiti.*

Rétt til að kalla sig sjúkranuddara og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn sem fengið hefur til þess leyfi landlæknis.

3. gr.

*Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.*

Leyfi skv. 2. gr. má veita þeim sem lokið hafa námi í sjúkranuddi frá menntastofnun sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og af heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Einnig má veita starfsleyfi á grundvelli menntunar frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og Sviss. Um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi sjúkranuddara sem uppfyllir skilyrði tilskipunar 2005/36/EB, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi, með síðari breytingum, fer samkvæmt reglugerð um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi heilbrigðisstarfsmanna frá öðrum EES-ríkjum, nr. 461/2011.

Pá er heimilt að veita starfsleyfi þeim sem lokið hafa sambærilegu prófi frá menntastofnun í ríki utan EES eða Sviss sem viðurkennd er sem slík af heilbrigðisyfirvöldum hér á landi og heilbrigðisyfirvöldum þess ríkis þar sem námið var stundað.

Umsækjandi um starfsleyfi sem sjúkranuddari, skv. 2. gr., frá ríki utan EES og Sviss sem Ísland hefur ekki samið við um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi skal meðal annars leggja fram gögn um ríkisfang, innihald náms og námslengd, ásamt prófskírteini, starfsleyfi ef starfsgreinin er löggilt í því landi sem umsækjandi kemur frá, fyrirhuguð störf hér á landi svo og önnur gögn og vottorð sem landlæknir telur nauðsynleg vegna útgáfu starfsleyfis.

Áður en umsókn um starfsleyfi er tekin til efnislegrar meðferðar þarf eftir atvikum að ligga fyrir staðfest afrit umsóknar um atvinnu- og dvalarleyfi ásamt undirrituðum ráðningarsamningi.

Heimilt er að gera kröfu um að umsækjandi búi yfir kunnáttu í íslensku og hafi þekkingu á íslenskri heilbrigðislöggjöf svo og öðrum lögum og stjórnválfsfyrirmælum sem talin eru nauðsynleg til að geta starfað sem sjúkranuddari, einkum vegna öryggis og samskipta við sjúklinga.

Hafi að mati landlæknis ekki verið sýnt fram á að nám umsækjanda uppfylli kröfur skv. 1. mgr. er heimilt að krefjast þess að umsækjandi gangist undir próf sem sýni fram á að hann búi yfir þeirri faglegu þekkingu og hæfni sem krafist er af sjúkranuddara. Landlæknir skal í samráði við Félag íslenskra sjúkranuddara og Sjúkranuddarafélag Íslands skipuleggja próf fyrir umsækjanda.

Starfsleyfi skv. 3. mgr. er gefið út við komu umsækjanda til starfa hér á landi.

4. gr.

*Umsagnir.*

Áður en leyfi er veitt skv. 2. gr. skal landlæknir leita umsagnar Félags íslenskra sjúkranuddara og Sjúkranuddarafélags Íslands um það hvort umsækjandi uppfylli skilyrði um menntun skv. 1. mgr. 3. gr. fyrir útgáfu starfsleyfis.

Landlæknir er heimilt að leita umsagnar annarra aðila eftir þörfum.

### III. KAFLI Réttindi og skyldur.

5. gr.

#### *Faglegar kröfur og ábyrgð.*

Sjúkranuddari skal sýna sjúklingum virðingu og sinna störfum sínum af árvekni og trúmannsku og í samræmi við þær faglegu kröfur sem gerðar eru til stéttarinnar á hverjum tíma.

Sjúkranuddara ber að þekkja skyldur sínar og virða síðareglur stéttarinnar, viðhalda þekkingu sinni og faglegri færni og tileinka sér nýjungar er varða starfið.

Sjúkranuddari skal þekkja lög og reglugerðir sem gilda um heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisþjónustu og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli eftir því sem við á.

Sjúkranuddari ber ábyrgð á þeirri meðferð sem hann veitir.

Sjúkranuddari skal virða faglegar takmarkanir sínar og leita eftir aðstoð eða vísa sjúklingi til annars heilbrigðisstarfsmanns eftir því sem nauðsynlegt er, svo sem ef hann telur sig ekki geta veitt honum viðeigandi heilbrigðisþjónustu.

6. gr.

#### *Upplýsingaskylda og færsla sjúkraskrár.*

Um upplýsingaskyldu sjúkranuddara gagnvart sjúklingi fer samkvæmt ákvæðum laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.

Um skyldu sjúkranuddara til að veita landlækni upplýsingar, meðal annars vegna eftirlits og til gerðar heilbrigðisskjýrslna, fer samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007.

Sjúkranuddari skal, eftir því sem við á, fára sjúkraskrá samkvæmt ákvæðum laga um sjúkra-skrár, nr. 55/2009, og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.

7. gr.

#### *Nemar.*

Sjúkranuddari ber ábyrgð á því að nemar, sem honum er falið að veita leiðsögn, hafi næga hæfini og þekkingu og fái nauðsynlegar leiðbeiningar og til sögn til að inna af hendi störf sem hann felur þeim.

8. gr.

#### *Tríunaður og þagnarskylda.*

Sjúkranuddari skal gæta fyllstu þagmælsku um allt það sem hann kemst að í starfi sínu um heilsufar sjúklings, ástand, sjúkdómsgreiningu, horfur og meðferð ásamt öðrum persónulegum upplýsingum. Þetta gildir ekki bjóði lög annað eða rökstudd ástæða er til þess að rjúfa þagnarskyldu vegna brýnnar nauðsynjar.

Samþykki sjúklings eða forráðamanns, ef við á, leysir sjúkranuddara undan þagnarskyldu.

Þagnarskylda samkvæmt þessari grein nær ekki til atvika sem sjúkranuddara ber að tilkynna um samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber sjúkranuddara skylda til að koma upplýsingum um atvik á framfæri við þar til bær yfirvöld.

Um trúnaðar- og þagnarskyldu sjúkranuddara gilda jafnframt ákvæði laga um réttindi sjúklinga, ákvæði laga um sjúkraskrár og önnur lög eftir því sem við á.

### IV. KAFLI Ýmis ákvæði.

9. gr.

#### *Gjaldtaka.*

Um gjaldtöku vegna útgáfu starfsleyfis fer skv. 10. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 88/1991.

Um gjaldtöku vegna hvers konar umsýslu landlæknis vegna umsókna um starfsleyfi til viðbótar gjaldi skv. 1. mgr. og vegna prófa í faglegri þekkingu og færni fer samkvæmt reglugerð um gjaldtöku vegna umsókna um starfsleyfi og sérfraðileyfi heilbrigðisstarfsmanna, nr. 951/2012.

Nr. 1128

11. desember 2012

10. gr.

*Almenn ákvæði.*

Ákvæði laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007, laga um sjúkraskrár, nr. 55/2009, laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007, laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997, svo og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli gilda eftir því sem við á um sjúkranuddara.

11. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5., 30. og 31. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012, öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá sama tíma fellur brott reglugerð um menntun, réttindi og skyldur sjúkranuddara, nr. 204/1987, með síðari breytingum.

*Velferðarráðuneytinu, 11. desember 2012.*

**Guðbjartur Hannesson.**

---

*Vilborg Ingólfssdóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2012